

Lögrelustjórinn á Suðurlandi

06 318

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögreglustjórinn á Suðurlandi
kt. 630914-2210
Hlíðarvegur 16, 860 Hvolsvöllur

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.310,3 milljónir og afkoma kr. 45,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 65,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 296,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Suðurlandi í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Kjartan Þorkelsson
Lögreglustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.281.300.000	1.141.300.000
Seld þjónusta	3	2.588.768	2.751.280
Framlög og ýmsar tekjur	4	1.774.422	18.635.677
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	24.658.394	20.251.630
Tekjur samtals		1.310.321.584	1.182.938.587
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.022.070.493	983.257.718
Annar rekstrarkostnaður	6	217.665.241	215.706.195
Afskriftir	7	24.658.394	20.251.630
Gjöld samtals		1.264.394.128	1.219.215.543
Afkoma fyrir fjármagnsliði		45.927.456	(36.276.956)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(47.472)	(11.181)
		(47.472)	(11.181)
Afkoma ársins		45.879.984	(36.288.137)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		81.252.885	77.505.800
Farartæki og vélar		31.132.306	44.245.319
Aðrar eignir		181.154	237.351
		<u>112.566.345</u>	<u>121.988.470</u>
Fastafjármunir samtals		<u>112.566.345</u>	<u>121.988.470</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	9	182.560.998	135.193.809
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		90.686	18.081
Handbært fé		1.110.562	1.802.794
		<u>183.926.019</u>	<u>137.339.130</u>
Veltufjármunir samtals		<u>183.926.019</u>	<u>137.339.130</u>
Eignir samtals		<u>296.492.364</u>	<u>259.327.600</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	10		
Hrein eign		65.449.842	19.569.858
		<u>65.449.842</u>	<u>19.569.858</u>
Eigið fé samtals		<u>65.449.842</u>	<u>19.569.858</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	7.544.817	4.016.201
Viðskiptaskuldir		16.531.175	22.093.254
Ýmsar skammtímaskuldir		91.642.459	102.320.822
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	115.324.071	111.327.465
		<u>231.042.522</u>	<u>239.757.742</u>
Skuldir samtals		<u>231.042.522</u>	<u>239.757.742</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>296.492.364</u>	<u>259.327.600</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		45.879.984	(36.288.137)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	24.658.394	20.251.630
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(24.658.394)	(20.251.630)
		<u>45.879.984</u>	<u>(36.288.137)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		88.068	(76.083)
Tengdir aðilar		(30.419.842)	(1.716.231)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(16.240.442)	38.864.674
		<u>(46.572.216)</u>	<u>37.072.360</u>
		<u>(692.232)</u>	<u>784.223</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(16.968.202)	(36.955.712)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		0	0
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		2.086.933	1.163.854
		<u>(14.881.269)</u>	<u>(35.791.858)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	7.991.858
Fjárfestingarframlag		14.881.269	27.800.000
		<u>14.881.269</u>	<u>35.791.858</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(692.232)	784.223
		1.802.794	1.018.571
		<u>1.110.562</u>	<u>1.802.794</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.281.300.000	1.141.300.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	24.658.394	20.251.630
	<u>1.305.958.394</u>	<u>1.161.551.630</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.231.700.000	0	0	1.231.700.000
Launabætur	18.600.000	0	0	18.600.000
Millifært úr varasjóð	31.000.000	0	0	31.000.000
Fjárveiting til tekna	1.281.300.000	0	0	1.281.300.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.235.420.016)	0	0	(1.235.420.016)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	45.879.984	0	0	45.879.984

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	1.961.278	1.901.790
Fræðslustarfsemi og fundir	627.490	849.490
	<u>2.588.768</u>	<u>2.751.280</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	851.926	10.287.339
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	900.124	0
Ýmsar tekjur	22.372	3.348.338
	<u>1.774.422</u>	<u>18.635.677</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	841.379.012	773.157.581
Orlof, breyting	(11.147.983)	32.588.203
Launatengd gjöld	188.146.224	174.832.059
Starfsmannakostnaður	3.693.240	2.679.875
	<u>1.022.070.493</u>	<u>983.257.718</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	79,3	75,1

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.825.676	2.498.241
Byggingarvörur, almennar	153.324	249.366
Byggingarvörur, aðrar	53.416	4.060
Tæki og búnaður til innréttinga	22.425	13.859
Ýmis tæki og áhöld	9.924.453	13.170.183
Varahlutir og viðhaldsvörur	511.068	2.709.292
Orkugjafar	15.730.922	16.138.781
Matvæli	8.992.996	8.914.666
Almennar rekstrarvörur	14.829.230	16.978.073
Vörukaup, almenn	52.043.510	60.676.521
Rannsóknarstofuefni	1.563.750	1.181.828
Kennslu- og fündurvörur	12.800	0
Ýmsar sérgreindar vörur	382.149	812.081
Vörukaup, sérgreind	1.958.699	1.993.909
Fundir, námskeið, risna	325.193	520.921
Ferðir, uppihald	1.414.906	2.367.040
Akstur	6.722.871	12.672.317
Sérfræðiþjónusta	4.992.120	7.314.900
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	207.460	192.993
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	138.620	515.136
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	3.013.215	2.211.520
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.814.385	25.794.827
Afnotagjöld	6.551.749	7.457.347
Leigugjöld	72.355.830	48.976.631
Notkun véla og flutningatækja	74.630	137.070
Verkkaup	30.381.829	40.190.337
Kostnaðarhlutdeild	32.636.999	24.754.801
Opinber gjöld	635.428	672.200
Tilfærslur	72.400	286.000
Tapaðar kröfur	56.443	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	146.848.647	127.240.937
Annar rekstrarkostnaður samtals	217.665.241	215.706.195
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	12.974.184	10.144.734
Farartæki og vélar	8.708.771	10.050.699
Aðrar eignir	56.197	56.197
Sölu- og úreltar eignir	2.919.242	0
	24.658.394	20.251.630

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	81.252.885	77.505.800
Farartæki og vélar	31.132.306	44.245.319
Aðrar eignir	181.154	237.351
	112.566.345	121.988.470

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	117.372.891	97.714.479	611.984	215.699.354
Viðbætur á árinu	16.968.202	0	0	16.968.202
Selt/úrelt á árinu	(260.651)	(22.881.810)	0	(23.142.461)
	134.080.442	74.832.669	611.984	209.525.095
Afskriftir 01.01.2021	39.867.091	53.469.160	374.633	93.710.884
Afskrift ársins	12.974.184	8.708.771	56.197	21.739.152
Selt/úrelt á árinu	(13.718)	(18.477.568)		(18.491.286)
	52.827.557	43.700.363	430.830	96.958.750
Staða 31.12.2021	81.252.885	31.132.306	181.154	112.566.345

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	182.392.356	135.193.809
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	168.642	0
	182.560.998	135.193.809

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	7.544.817	4.016.201
	7.544.817	4.016.201

10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	19.569.858	55.857.995
Afkoma ársins	45.879.984	(36.288.137)
Jöfnuður 31.12.	65.449.842	19.569.858

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	112.566.345	121.988.470
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) ...	2.757.726	(10.661.005)
	<u>115.324.071</u>	<u>111.327.465</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	121.988.470	(10.661.005)	111.327.465
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	28.300.000	28.300.000
Bókfært verð seldra eigna	(1.731.933)	1.731.933	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	355.000	355.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	16.968.202	(16.968.202)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(24.658.394)	0	(24.658.394)
	<u>112.566.345</u>	<u>2.757.726</u>	<u>115.324.071</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 21,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og skuldbindandi þjónustu samninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 45,3 milljónum og árlegar greiðslur vegna þjónustusamninga nema 33,2 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.